Qualified Electronic Signature
GOTTSKÁLK FRIÐGEIRSSON
2023-04-25 12:54:45 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
GUNNHILDUR SIF ODDSDÓTTIR
2023-04-25 13:00:52 GMT
GoPro

UMHVERFIS
STOFNUN

Fjallalax ehf.
Johnny Indergaard
Strandgötu 11
465 Bíldudalur

Reykjavík, 25.4.2023
UST202302-112/gf
08.12.02

**Varðar fyrirvaralaust eftirlit í fiskeldi Fjallalax ehf. að Hallkelshólum í Grímsnesi þann 3. apríl 2023**

Þann 3. apríl sl. fór fram fyrirvaralaust eftirlit í fiskeldi Fjallalax ehf. að Hallkelshólum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik frá kröfum í starfsleyfi var opið þegar komið var í eftirlit. Enn höfðu niðurstöður mælinga á efnum í frárennslisvatni ekki borist.
Þann 20. apríl sl. bárust gögn vegna mælinga sem gerðar voru við hámarksfóðrun og fór sýnataka fram 21. mars 2023. Frávikinu er því lokað.

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram í eftirlitinu. Enn er engin hreinsun á frárennslisvatni stöðvarinnar eins og krafa er um í starfsleyfi.
Þann 20. apríl sl. bárust gögn þar sem gerð var grein fyrir því að tromlusía í frárennsli stöðvarinnar hafi verið tekin í notkun. Með fylgdu myndir af tromlusíunni. Frávikinu er því lokað.

Virðingarfyllst,

Gottskálk Friðgeirsson

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur